Við hjartarætur náttúrunnar

Myndlist

AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Nína Gautadóttir er að sönnu þekktust fyrir opin, mjúk verk, úr textíl, leðri og fleiri efnum. En upphaflega lauk hún prófi í málaralist og hefur nú tekið pentskúfinn upp að nýju. Árangurinn sjáum við í austurgangi Kjarvalsstaða þar sem Nína hefur komið fyrir rúmlega 40 málverkum, stórum og smáum.

Allt eru þetta verk í anda hinnar ljóðrænu afstraktlistar sem ekki hefur verið mjög fyrirferðarmikil á alþjóðlegum vettvangi undanfarna tvo áratugi. Oftar en ekki byggir slík myndlist á eins konar upphafinni náttúruskynjun. Í því tilfelli stendur listamaðurinn ekki álengdar og grandskoðar fjöll og dali heldur skyggnist hann ofan í svörðinn, inn í grjótið, niður í hylinn, til þess að komast nær hjartarótum náttúrunnar, leitast jafnvel við að verða eitt með henni.

Það sem hann endurskapar síðan á striganum er ekki lengur áþreifanleg og skýrt afmörkuð heild, heldur lífræn hrynjandi, sem samanstendur af náttúrukröftum og samræmdri orku hugar og handa.

Vatnaliljur

Kjarval er frumkvöðull í slíkri náttúruskoðun hér á landi, þótt hann hikaði við að steypa sér út í hreina ljóðræna afstraktlist. Og að baki honum stendur Monet með vatnaliljur sínar.

Það er engin tilviljun að ég nefni Monet hér í þessu samhengi þar eð málverk Nínu gætu sem best hafa orðið til fyrir innblástur frá Giverny þar sem Monet bjó og starfaði síðustu ár ævi sinnar.

Það er meira að segja eins og listakonan vilji hylla meistara Monet alveg sérstaklega því nokkur verka hennar, sem öll bera nafnið „Vatnaspegill", endurspegla einmitt lífríki sem minnir á vatnaliljur hans.

Leysingar og straumhvörf


En þótt kveikja þessara málverka Nínu sé náttúran, hringrás hennar og sköpunarkraftur, smb. heiti þeirra: Hringiða, Ólga, Iðukast, Straumröst, Leysingar, Straumhvörf, þá hafa þau fyrir löngu öðlast sjálfstætt líf og lifa samkvæmt lögmálum málaralistarinnar.

Og þá er spurningin: Standa þau fyrir sínu sem slík?

Svarið er bæði já og nei. Pensilskrift Nínu er kröftugleg, hvort sem hún málar eða rispar myndflötinn, og litróf hennar kallar stöku sinnum fram dulvísar stemmningar með áhorfandanum. Á hinn bóginn getur þessi dulvísi hæglega snúist upp í rósfingraða rómantíska viðkvæmni, og hrynjandin verður einum of sjálfkrafa og vanabundin fyrir minn smekk.

Í málverkum Nínu er meira um náttúru en málverk og ekki nógu mikið af ígrundunum um náttúruna sem málverk. Listakonan gæti gert margt verra en að skoða Monet upp á nýtt.

-ai



Nína Gautadóttir - Þrjú málverk, 1985

Jacques Taddéi, meistari tækni og hugmynda

Orgeltónleikar Jacques Taddéi í Dómkirkjunni 27. apríl.
Efnisskrá: Louis-Nicolas Clérambault: Suite de deuxiéme ton; Jóhann Sebastian Bach: Passacaglia og fúga í d-moll; Franz Liszt: Fantasía og fúga yfir kóralinn Ad nos ad salutarem undam; Boellmann: Priére á Notre Dame; Olivier Messiaen: Dieu parmi nous.

Tónlist

Eyjólfur Melsted

Franski organleikarinn Jacques Taddéi lék á orgel Dómkirkjunnar á sunnudagskvöldið fyrsta í sumri, en daginn áður lék hann á Akureyri. Taddéi, sem þykir einn af athyglisverðari organistum Frakka, byrjaði ekki að leika á orgel fyrr en fyrir um það bil tíu árum. Fram að því hafði hann verið einn af efnilegri yngri píanistum þeirra.

En svo tók hann til við að leika á orgel og það svo um munaði. Jacques Taddéi er ekki síst þekktur fyrir að leika af fingrum fram og fengu menn að heyra þá kúnst hans á tónleikunum í Dómkirkjunni.

Ættuð frá píanóinu

Leikinn hóf hann með einni af svítum Clérambaults, þeirri sem kennd er við annan tón, en sneri sér síðan að Bach. Fljótt kom í ljós afbragðs tækni hans á hljómborðið, en ekki þvældist pedallinn svo sem fyrir honum og fjölbreytilegar registratíonirnar voru í góðu innbyrðis samræmi. En það var svo sem auðheyrt hvaðan tækni hans við hljómborðið var ættuð og síst nokkuð á móti því að hafa. Píanótæknin átti líka eftir að koma honum til góða þegar hann sneri sér að Fantasíu og fúgu Liszts yfir kóralinn, „Ad nos ad salutarem undam". Já, þar gekk ekkert smáræði á því Liszt hikar ekki við að ausa úr öllum sínum skálum þegar hann ætlar að tjá almættinu lotningu sína.

Svo kvað heldur betur við annan tón þegar næst á eftir kom „Priére á Notre Dame" eða Maríubæn úr Gotneskri svítu eftir Boellmann.

Snjöll útfærsla hins þekkta, sem hins óþekkta

Síðasta þekkta verkefnið var „Dieu parmi nous" eða guð á meðal vor, eftir eitt almesta trúarskáld núlifandi, Olivier Messiaen. Ófreskir geta víst lítt ráðið í þá kaþólsku mystík sem jafna ku liggja að baki í verkum Messiaens, en það hindrar samt ekki að menn fái notið blæbrigðaauðginnar og snjallrar útfærslunnar í músík hans, einkum og sér í lagi ef svo vel er farið með sem í þetta skipti í Dómkirkjunni.

Þá var komið að því óvænta. Marteinn Friðriksson dómorganisti gekk til kollega síns og setti honum fyrir að skálda frjálst um fyrstu hendingarnar úr tveimur alþekktum sálmum, Vor guð er borg og Ó, þá náð að eiga Jesúm. Við vitum ósköp vel að allir improvisatörar eiga sér sína skapalóna og skemu til að styðjast við í spunanum en það er ósköp eðlilegt og í spuna sínum sýndi Jacques Taddéi að hann er ekki aðeins meistari tækninnar heldur hugmyndanna líka.

EM



Jacques Taddei.

Vovka Ashkenazy hjá Tónlistarfélaginu

Tónleikar Stefans Ashkenazy á vegum Tónlistarfélagsins í Austurbæjarbíói 3. maí.
Efnisskrá: Ludwig van Beethoven: Sónata op. 90 í e-moll og Sónata op. 110 í As-dúr; Wolfgang Amadeus Mozart: Sónata KV 332 í F-dúr; Franz Schubert: Sónata D 664, op 120 í A-dúr.

Tónlist

Eyjólfur Melsted

Með tónleikum Vovka Ashkenazy lauk starfsári Tónlistarfélagsins. Dagskrá þess hefur verið heildstæð og vel saman sett í vetur, með ákveðinni línu, en hæfilegri fjölbreytni innan þess ramma sem settur var.


Vovka Ashkenazy hafði líka ákveðinn ramma um efnisval sitt, rétt eins og hann vildi ekki hætta sér út fyrir viss mörk. Ég var hálfhissa á því að hann skyldi velja sér Beethoven sónötuna op. 90 og það til að hefja leikinn með – sónötu sem engan veginn telst með glæsiverkum Beethovens. Enda fór svo að píluturinn náði sér í hvorugri Beethoven sónötunni á strik. Ég var að vísu ögn seinn fyrir og missti því af byrjuninni, en varla trúi ég því að ég hafi misst af neinu sem breytt gæti áliti mínu. Fyrri sónatan gat engan veginn hentað jafn frískum píanista og Vovka Ashkenazy og í þeirri síðari, ópus 110, sem er þó langtum rismeiri, var líkt og hann héldi aftur af sér og hreinlega þyrði ekki að láta gamminn geisa. Kannski er hann ekki enn búinn að komast til botns í Beethoven, sem væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Það hefur tekið suma lengri tíma en svo að ná tökum á Beethoven, en tekist samt áður en yfir lauk.

Kvað við annan tón

Eftir hlé kvað heldur betur við annan tón. Mozart sónatan hafði yfir sér næstum allan þann glans og leikgleðinnar blæ sem á skorti í Beethoven. Allegro kaflarnir voru virkilega hressilega spilaðir og af öryggi og fimi, en jafnframt geislandi léttleika. Þarna kom pilturinn fram með allt sem við héldum, og vissum reyndar, að hann ætti til nema kraftinn. Á honum þurfti hann heldur ekki beint að halda við þessar aðstæður og adagiokaflann lék hann líka prýðisvel með yfirvegaðri ró.

Sama var uppi á teningnum í Schubert sónötunni. Honum tókst að laða fram þá ljóðrænu fegurð sem í henni býr. Þannig sýndi hann að hann er fyllilega verður þess álits sem hann hefur öðlast með tónlistarunnendum hér heima og er að mestu byggt á frammistöðu hans á síðustu listahátíð og plötum þeim sem hann hefur leikið inn á. Hann hefur flest það sem einn ungan glæsipíanista má prýða. Það verður gaman að fylgjast með ferli hans í framtíðinni og vonandi á hann eftir að spila sem oftast hér heima.

EM



Vovka Ashkenazy.